

Bekkur: 2.bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Kennarar: Sigrún Sveinsdóttir og Steinunn Bjarnadóttir

Tímafjöldi: 2 kst. á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Samþætting við efni Byrjendalæsis, Halló heimur 1 og 2, Köngulær, Komdu og skoðaðu land og þjóð, Komdu og skoðaðu tæknina, Komdu og skoðaðu bílinn. Ásamt efni af völdum vefsíðum.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Geta til aðgerða	Að nemandi: sýni virkni og láti sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.	- Aðferð Byrjendalæsis. - Innlagnir, umræður og verkefnavinna í hópum og einstaklingslega. - Vettvangsferðir og ýmis verkefni í spjaldtölvu.	Námsframvinda og staða nemenda metin jafnóðum í daglegu starfi (umræður, vinnubækur og vinnubrögð).
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	Að nemandi: - komi auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu, - bendi á störf sem krefjast sérþekkingar.		
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	Að nemandi: útskýri hvernig tækni nýtist í daglegu lífi.		
Verklag - Vinnubrögð og færni	Að nemandi: - þjálfist í að afla sér upplýsinga er varða náttúruna, - þjálfist í að skrá atburði og athuganir s.s með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og segi frá þeim, - þjálfist í að hlusta á og ræða hugmyndir annarra.		
Ábyrgð á umhverfinu	Að nemandi: - taki þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru, - geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, - þjálfist í að nýta reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum, - geti sýnt félögum og náttúru alúð.		

Að búa á jörðinni	Að nemandi: • segi frá hvernig Ísland myndaðist og tekur breytingum, • lýsi breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks, • lýsi landnotkun í heimabyggð, • fylgist með og skrái upplýsingar um veður í heimabyggð.		
Lífsskilyrði manna	Að nemandi: • útskýri mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns, • ræði fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu, • bendi á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi, • þekki einkastaði líkamans.		
Náttúra Íslands	Að nemandi: • segi frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi, • lýsi algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.		
Heilbrigði umhverfisins	Að nemandi: • fjalli um samspil manns og náttúru, • þjálfist í að flokka úrgang, • ræði krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.		
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	Að nemandi: • flokki gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra, • geri sér grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins.		
Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D			